

Frumvarp til þjóðkirkjulaga. Drög VII

I. kafli. Skilgreining og réttarstaða.

1. gr. Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

2. gr. Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna samkvæmt 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

°Þjóðkirkjan ræður starfi sínu og nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu nema lög mæli á annan veg.

°Þjóðkirkjunni ber að tryggja að allir landsmenn geti átt kost á kirkjulegri þjónustu.

3. gr. Við málsmeðferð og ákvarðanir kirkjulegra stjórnvalda samkvæmt lögum þessum skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við getur átt. Hinu sama gegnir um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála. Þá taka upplýsingalög nr. 50/1996 jafnframt til stjórnsýslu þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

4. gr. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins. Ráðuneytið hefur umsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt.

5. gr. Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðkirkjuna veitir aðild að henni.

°Um aðild að, inngöngu í og úrsögn úr þjóðkirkjunni fer að öðru leyti samkvæmt 8. gr. og

9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög.

°Heimilt er að fela þjóðskrá að annast skráningu á inngöngu og úrsögn úr þjóðkirkjunni.
°Um stöðu þjóðkirkjunnar sem trúfélags fer eftir I. kafla laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög, eftir því sem við getur átt.

II. kafli. Kirkjuþing.

6. gr. Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög mæli á annan veg.

°Kirkjuþing setur starfsreglur um starfsemi þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing markar þjóðkirkjunni þannig og með öðrum samþykktum stefnu í málefnum hennar.

7. gr. Kirkjuþing hefur á hendi fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar.

°Nánari ákvæði um tilhögun fjárstjórnarvalds kirkjuþings skal þingið setja í starfsreglur.

8. gr. Samþykktir um kenningarleg málefni skulu sæta umfjöllun kenningarnefndar og prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

°Samþykktir um kenningarleg málefni skulu afgreiddar frá kirkjuþingi í samráði við biskup Íslands.

9. gr. Kirkjuþing ákveður skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna.

°Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.

°Kirkjuþing kys þingforseta úr röðum leikmanna.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings, seturétt á þinginu og þingsköp í starfsreglur.

10. gr. Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

°Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

11. gr. Forseti kirkjuþings kallar þingið saman, stýrir því og ber ábyrgð á starfsemi þess. Í samráði við biskup Íslands og kirkjuráð undirbýr forseti fundi kirkjuþings. Með sama hætti fylgir hann eftir samþykktum þess eftir því sem við getur átt.

°Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur frá kirkjuþingi og aðrar réttarskapandi ákvarðanir þess innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra og skal sú birting vera í samræmi við lög nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Hafi ekki verið á annan veg mælt í starfsreglunum öðlast þær gildi á þrítugasta degi frá birtingu þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar og öðrum sem reglunum er ætlað að binda að fara eftir þeim.

III. kafli. Kirkjuráð.

12. gr. Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í þeim málefnum þjóðkirkjunnar sem til þess eru lögð í almennum lögum og stjórnvaldsreglum, starfsreglum eða öðrum samþykktum kirkjuþings, ákvörðunum annarra kirkjulegra stofnana eða erindum frá Alþingi og ráðherra.

°Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir og samþykktir kirkjuþings og ákvarðanir biskups Íslands um helgisiði og kenningu kirkjunnar skv. 21 gr. og um kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar skv. 24. gr.

13. gr. Kirkjuráð skal kosið á fyrsta kirkjuþingi á nýju kjörtímabili. Biskup Íslands er forseti kirkjuráðs en kirkjuþing setur starfsreglur um skipan kirkjuráðs að öðru leyti, hlutfall vígðra og leikra, kosningu varaforseta og umboð kirkjuráðsmanna.

14. gr. Kirkjuráð ber ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

°Einstökum ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnslu verður þó ekki skotið til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

15. gr. Í samráði við forseta kirkjuþings undirbýr kirkjuráð fundi kirkjuþings og fylgir eftir starfsreglum og öðrum samþykktum þess.

16. gr. Kirkjuráð hefur forræði Skálholtsstaðar samkvæmt lögum nr. 32/1963 og þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

17. gr. Kirkjuþing setur nánari ákvæði um stöðu og starfshætti kirkjuráðs í starfsreglur.

IV. kafli. Biskupsdæmið.

18. gr. Ísland er eitt biskupsdæmi.

19. gr. Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og starfsreglum frá kirkjuþingi. Hann hefur aðsetur í Reykjavík og er biskupsstofa embættisskrifstofa hans.

20. gr. Forseti Íslands skipar biskup Íslands ótímabundið að afloknu biskupskjöri sem kirkjuþing setur reglur um. Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

21. gr. Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu.

°Biskup Íslands skipar nefnd sér til ráðuneytis um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

22. gr. Biskup Íslands vígir presta og djákna og setur þeim vígslubríf. Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelískum-lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu enda liggi fyrir samkomulag um það milli biskups og safnaðarstjórnar.

°Biskup Íslands vígir kirkjur og vísiterar söfnuði.

23. gr. Biskup Íslands hefur ákvörðunarvald um einstök mál sem ekki heyra undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum. Hann fylgir eftir starfsreglum og öðrum samþykktum kirkjuþings í samvinnu við forseta kirkjuþings og kirkjuráð.

24. gr. Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi.

°Biskup getur veitt starfsmönnum þjóðkirkjunnar leyfi á launum í allt að sex mánuði án samþykkis þeirra.

°Kirkjuþing setur nánari reglur um meðferð agabrota og lausn ágreiningsmála innan þjóðkirkjunnar.

25. gr. Tveir biskupar skulu vera til aðstoðar biskupi Íslands með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

°Forseti Íslands skipar biskupa skv. 1. mgr. ótímabundið. Um kjörgengi þeirra gilda sömu reglur og um kjörgengi til embættis biskups Íslands, sbr. 20. gr.

°Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu biskupanna í hvoru umdæmi fyrir sig.

26. gr. Biskuparnir í Skálholti og á Hólum hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum í umboði biskups Íslands. Þeir eru biskupi Íslands til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk sem hann felur þeim.

°Biskup Íslands kallar til biskupafundar svo oft sem þurfa þykir. Nánar skal kveðið á um biskupafund í starfsreglum frá kirkjuþingi.

°Kirkjuþing setur nánari reglur um starfssvið og umdæmi biskupanna í Skálholti og á Hólum.

27. gr. Í forföllum biskups Íslands skal sá biskup í Skálholti eða á Hólum sem eldri er að biskupsvígslu kvaddur til að gegna embætti hans um stundarsakir.

°Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá biskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

°Verði biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum skal sá biskup sem eldri er að biskupsvígslu fara með málið nema biskup Íslands eigi sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Séu báðir biskuparnir vanhæfir til að leysa úr málinu skal forseti kirkjuþings kveðja einhvern sem kjörgengur er til biskupsembættis til að sinna því, sbr. 20. gr.

V. kafli. Sóknir, prestaköll og kirkjustjórn í héraði.

28. gr. Kirkjusókn er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri kirkjusóknir mynda prestaköll.

29. gr. Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka

°Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum eftir því sem fyrir er mælt í starfsreglum frá kirkjuþingi.

°Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírni og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

°Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða starfsreglum frá kirkjuþingi.

°Kirkjuþing setur starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, um leysing á sóknarbandi og um aðkomu óstaðbundinna safnaða að þjóðkirkjunni.

°Kirkjuþing setur starfsreglur um samráðsvettvang leikmanna.

30. gr. Í hverri kirkjusókn þjóðkirkjunnar er sóknarnefnd, kjörin af aðalsafnaðarfundi, sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulega þjónustu í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

°Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili.

°Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um stöðu, starf, starfshætti og samvinnu sóknarnefnda, kosningu og fjölda sóknarnefndarmanna og um sameiginlegt fjárhald sókna

°Kirkjuþing setur starfsreglur um stöðu og störf starfsmanna sókna.

°Kirkjuþing setur starfsreglur um afnot af kirkju og safnaðarheimili.

31. gr. Aðalsafnaðarfund skal halda í hverri sókn einu sinni á ári. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar og þau mál önnur sem undir hann ber samkvæmt lögum eða starfsreglum og með einstökum erindum.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði um safnaðarfundi og safnaðarfulltrúa í starfsreglur.

32. gr. Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til að ræða um sameiginleg málefni kirkjunnar í umdæminu.

°Héraðsnefnd prófastsdæmis er framkvæmdanefnd héraðsfundar.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði um héraðsfundi, héraðssjóði og héraðsnefndir í starfsreglur.

VI. kafli. Prestar, prófastar og djákna.

33. gr. Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsembætti í þjóðkirkjunni eða starfar á vegum stofnunar eða félagasamtaka með samþykki biskups Íslands. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum eignum.

°Prestar í föstu prestsembætti í þjóðkirkjunni skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

34. gr. Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

°Biskup Íslands leggur sóknarprestum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

°Í fjölmönnum prestaköllum er heimilt, með samþykki kirkjuþings, að skipa fleiri presta en einn en þeir skipa þá með sér verkum undir forystu sóknarprests.

°Biskup Íslands getur, að fengnu samþykki kirkjuþings, ákveðið að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

°Biskup Íslands getur jafnframt, að fengnu samþykki kirkjuþings, ákveðið að ráða sérþjónustupresta og presta til að starfa meðal Íslendinga erlendis.

°Kirkjuþing setur gjaldskrá um aukaverk presta.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um störf og starfsskyldur presta og verkaskipti þeirra í milli.

35. gr. Almenn skilyrði til skipunar, setningar eða ráðningar í prestsembætti eða prestsstarf eru þessi:

1. Embættis- eða meistarapróf frá guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands eða annarri guðfræðideild eða guðfræðiskóla. Biskup Íslands getur leitað umsagnar guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um slíkar stofnanir og próf frá þeim.

2. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

3. Að kandídat fullnægi að öðru leyti almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

4. Að kandídat hafi hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

36. gr. Þegar prestakall eða prestsembætti losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með tveggja vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

°Nánari ákvæði um val á sóknarpresti og prestri samkvæmt 3. mgr. 34. gr., m.a. um skilyrði til almennra kosninga, setur kirkjuþing í starfsreglum.

37. gr. Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprests eða annars prests skv. 3. mgr. 34. gr. sem valinn hefur verið eða kosinn en ákvarðar að öðrum kosti veitingu. Nánari ákvæði um veitingu prestsembætta setur kirkjuþing í starfsreglum.

°Skipað skal í embætti sóknarprests eða annars prests skv. 3. mgr. 34. gr. til fimm ára, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hinu sama gegnir um embætti héraðsprests.

°Biskup Íslands skal tilkynna presti eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar.

°Komi fram rökstudd tillaga í prestakallinu um að embætti skuli auglýst laust til umsóknar skal með tillöguna farið eftir starfsreglum sem kirkjuþing setur.

38. gr. Hafi enginn sótt um embætti er biskupi Íslands heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár. Embættið skal auglýst að nýju að setningartíma loknum.

39. gr. Biskup Íslands útnefni prófesta úr hópi þjónandi presta prófastsdæmisins. Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði biskups almenna tilsjón með kirkjulegu starfi.

°Prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

°Biskup Íslands getur útnefnt prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

°Kirkjuþing setur starfsreglur um umdæmi prófasta, skipan þeirra og starfsskyldur.

40. gr. Djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

°Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands eða annarri menntastofnun. Biskup Íslands getur leitað umsagnar guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um slíkar stofnanir og próf frá þeim.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um ráðningu, starfsþjálfun og þjónustu djákna.

VII. kafli. Prestastefna.

41. gr. Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

°Á prestastefnu eiga setu- og atkvæðisrétt biskuparnir í Skálholti og á Hólum og allir þjónandi prestar skv. 33. gr., djáknar í föstu starfi, fastir kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands með guðfræðimenntum og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar, guðfræðingar og djáknar eiga rétt á að sækja prestastefnu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

42. gr. Á prestastefnu skal fjalla um kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup Íslands og kirkjuþing, sbr. 8. gr. og 21. gr.

VIII. kafli. Eignarréttur, fjármál þjóðkirkjunnar, launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

43. gr. Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

°Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður hefur keypt, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði um prestssetur í starfsreglur.

44. gr. Þær kirkjur og kirknaeignir í umsjá aðila innan þjóðkirkjunnar sem þinglýstar eignarheimildir ná ekki til eru eign þjóðkirkjunnar og viðkomandi sóknar. Kirkjur og kirknaeignir verða ekki veðsettar eða af hendi látnar nema biskup Íslands, viðkomandi sókn og kirkjuþing samþykki.

45. gr. Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

46. gr. Þjóðkirkjan fer með málefni Kristnisjóðs samkvæmt lögum nr. 35/1970, kirkjumálasjóðs samkvæmt lögum nr. 138/1993 og Jöfnunarsjóðs sókna samkvæmt II. kafla laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. Kirkjuþing setur nánari ákvæði um framkvæmd þessa í starfsreglur.

47. gr. Íslenska ríkið skal standa skil á launum biskups Íslands, biskupanna í Skálholti og á Hólum, sbr. 1. mgr. 25. gr., 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

°Fjölgi þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

°Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu um einn. Sama á við um frekari fækkun.

°Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum nr. 47/2006 um kjararáð eða lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

°Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

48. gr. Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 47. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna.

°Kirkjuþing setur nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar í starfsreglur.

IX. kafli. Gildistaka o.fl.

49. gr. Kirkjuþingi er heimilt að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en lög þessi taka til enda sé þess gætt að þær séu ekki í andstöðu við önnur lög um trúarleg og kirkjuleg málefni.

50. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

51. gr. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar með áorðnum breytingum, lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra með áorðnum breytingum og lög nr. 9/1882 um leysing á sóknarbandi með áorðnum breytingum.